

**Ed.**

**319. Breytingartillaga**

[162. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunar-  
kostnaði íbúða o. fl.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni og Ragnari Arnalds.

**2. gr. orðist svo:**

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, 10 000.00 kr. á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk sem nemur  $1\frac{1}{2}$  styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Þegar svo háttar til, að styrkþegi á von á hitaveitu til upphitunar íbúðar sinnar, skal hann njóta styrks fram til þess mánaðar er tenging fer fram.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki dýrari en olíukynding.

c) Til orkusjóðs til jarðhitarannsóknna og hitaveituframkvæmda.